

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Arnarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	19.4.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Arnarlax ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Strandgötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	580310-0600	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Silja Baldvinsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik voru skráð í eftirlitinu er varða staðsetningu eldissvæðisins við Haganes og eldissvæðisins við Steinanes og upplýsingaskyldu rekstraraðila. Ábending er varðar ferli um mat á umhverfisáhrifum og breytingar á starfsleyfum vegna breytinga starfsemi er einnig gerð.

Í eftirliti í júní 2020 var skráð frávik frá gr. 4.2 í starfsleyfi vegna mælinga á fosfór og köfnunarefni í sjó við hámarkslífmassa. Sjósýni voru tekin við Tjaldanes í október 2020. Frávikinu er því lokað en þó er ítrekað við rekstraraðila að ganga úr skugga um að vöktunaráætlun sé fylgt framvegis.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsferð þann 15. apríl. sl. og farið út að kvíastæði Haganess, Fossfjarðar og Steinaness.

Farið var yfir gögn og áætlanir á fjárfundi þann 19. apríl sl.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
  - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini og færsla kvíastæða
- Vöktunaráætlun og - skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Samsetning kvía við Sandodda
- Áætlaðar breytingar á starfsleyfi

Farið var yfir stöðuna frá seinasta eftirliti.

Engar kvartanir hafa borist v. lyktar eftir að verklag með dauðfisk var lagað, þ.e. tíminn sem hann er látinn standa á bryggjunni áður en honum er komið í hökkun og meltu var lágmarkaður eftir bestu getu. Bent var á í seinasta eftirliti að uppfæra þyrfti viðbragðsáætlun rekstraraðila v. olíumengunar m.t.t. grúarmengunar. Rekstraraðili hugðist senda inn uppfærða áætlun, slík áætlun hefur ekki enn borist, dags. 7. júní. Frávik var skráð 2020 þess efnis að ekki hefðu verið framkvæmdar sjósýnatökur við hámarkslífmassa en sýni voru tekin við hámarkslífmassa Tjaldaness haust 2020.

Síðan seinasta eftirlit fór fram hefur breytt starfsleyfi verið gefið út og hvíldartími er nú að lágmarki 90 dagar fyrir hvert eldissvæði í stað 6 mánaða.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Niðurstöður áhættumats 2020 voru kynntar og breytingu á flokkum í mati 2021. Sérstaklega var farið yfir umhverfisstjórnunarkerfi í þessu samhengi.

Umfang ársins 2020 var innan starfsleyfismarka. Seiði voru sett út í Haganes og Steinanes bæði sumar og haust 2020. Áætlað er að setja út í Tjaldanes aftur nú í sumar. Svæðið var tæmt 21. mars sl., svo útsetning er ekki heimiluð fyrr en 90 dögum eftir lok slátrunar eða 20. júní nk.

Rekstraraðili sendi stöðvarskírteini fyrir Tjaldanes, Steinanes og Haganes. Staðsetningar Steinaness og Haganess eru hinsvegar ekki í samræmi við gildandi starfsleyfi. Staðsetning Steinaness hefur ekki verið í samræmi við starfsleyfi síðan eldi seinustu kynslóðar hófst, en staðsetningu Haganess var breytt sl. sumar fyrir útsetningu seiða.

Í 1. mgr. 14. gr laga nr. 7/1998 kveður á um að rekstraraðili skuli upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar

breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Í 2. mgr. 40 gr. laga nr. 7/1998 kemur fram að starfsleyfishafi skuli upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum og gripa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum sé framfylgt eins fljótt og auðið er. Arnarlax hefur ekki sinnt þessari skyldu sinni hér.

Breytingar á eldissvæðum rekstraraðila voru kynntar, sem áætlaðar breytingar, á fundi með starfsmönnum Umhverfisstofnunar og fulltrúum Arnarlax, m.a. forstjóra félagsins, þann 7.10.19. Á þeim fundi var m.a. var farið yfir þær breytingar sem þyrfti að gera á starfsleyfi Arnarlax til að þessi færsla væri heimil.

Eftirlitsaðila var ekki tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæðisins við Steinanes áður en hún var gerð, fyrir útsetningu fyrstu kynslóðar svæðisins 2017, né tilkynnt á áðurnefndum fundi í október 2019 að hún hefði átt sér stað, þrátt fyrir að rekstraraðila væri þá að fullu ljóst að breytingu á starfsleyfi þyrfti til að staðsetning eldissvæðisins væri í samræmi við starfsleyfi. Rekstraraðila var því kunnugt, eigi síðar en í september 2019 þegar áðurnefndur fundur var boðaður, að færsla eldissvæðanna á þann veg sem hafði verið gert við Steinanes og áætlað var við önnur eldissvæði krefðist breytingar á starfsleyfi. Ekki hafði þó enn verið sótt um breytingu á starfsleyfi áður en frekari breyting á rekstri fór fram, sumar 2020. Frávik þessa efnis hafa ekki verið tilkynnt til eftirlitsaðila og umsagnaraðilum stofnunarinnar, við matsskyldufyrirspurn vegna færslu svæðanna, var ekki kunnugt um að framkvæmdin sem verið væri að veita umsögn um hefði þegar átt sér stað og gátu því ekki komið á framfæri athugasemdum við þessi vinnubrögð í áðurnefndri umsögn. Einnig ber þess að geta að hvergi í fyrirspurn rekstraraðila til Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags 25.11.20, kemur fram að þessari breytingu sé lokið, heldur er ítrekað fjallað um fyrirhugaða breytingu. Ljóst er að rekstraraðila hefur verið kunnugt í þónokkurn tíma að staðsetningarnar væru ekki í samræmi við starfsleyfi, en það hefur ekki verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar, né var gripið til aðgerða til að ná fram reglufylgni fyrr en með innsendri matsskyldufyrirspurn sl. haust, þá rúmum 3 árum eftir að fyrsta frávik átti sér stað.

Þar sem færsla svæðis Steinanes átti sér stað fyrir eldi seinustu kynslóðar og ekki var gripið strax til þess að sækja um breytingu starfsleyfis, færsla Haganess framkvæmd sl. sumar þrátt fyrir að rekstraraðila væri fullljóst fyrirfram að færslan væri óheimil sbr. áðurnefndan fund, sem og að rekstraraðili uppfyllti ekki upplýsingaskyldu sína til Umhverfisstofnunar eru því skráð þrjú frávik vegna málsins.

Rekstraraðili sendi inn uppfærða vöktunaráætlun í samræmi við ábendingar seinasta eftirlits, á meðan á eftirliti stóð. Eftirlitsaðili mun fara yfir hana til samþykktar.

Skráningar eru til staðar á úrgangi, spilliefnum og lyfjum. Grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir barst fyrir 1. maí.

Rekstraraðili áætlaði að senda myndir af geymslu og meðhöndlun hættulegra efna, til að mynda. maurusýru til meltu um borð á fóðurprömmum. Myndir hafa ekki borist dags. 7.júní.

Hreinsun á athafnasvæði rekstraraðila og Arctic Sea Farm við samsetningu eldiskvía á flugbrautinni við Sandodda í Patreksfirði er ekki lokið. Skv. upplýsingum frá fulltrúa Arctic Sea Farm er verktakinn á svæðinu að vinna frekari hreinsunaráætlun.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að mikla vinnu þurfi að leggja í að hreinsa svæðið frekar og fyrirbyggjandi aðgerðir verði skilgreindar til að forða því að meira plast komist út í náttúruna í sama mæli og hefur verið.

## Frávik frá

## Lýsing á frávikum

gr. 1.2 í starfsleyfi

Eldi skal vera staðsett innan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka 1 og 2 með starfsleyfi. Eldissvæðið við Steinanes er ekki í samræmi við starfsleyfi. Staðsetningin hefur verið í ósamræmi við leyfi síðan útsetning seiða seinustu kynslóðar, vorið 2017, átti sér stað.

gr. 1.2 í starfsleyfi

Eldi skal vera staðsett innan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka 1 og 2 með starfsleyfi. Eldissvæðið við Haganes er ekki í samræmi við starfsleyfi. Staðsetningin hefur verið í ósamræmi við leyfi síðan útsetning seiða núverandi kynslóðar, sumar 2020, átti sér stað.

1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og

að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfis-  
skilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Fyrirhuguð  
breyting 2017 var ekki tilkynnt. Frávik vegna færslu svæða voru ekki  
tilkynnt og ekki gripið tafarlaust til þeirra ráðstafanna sem þurfti.


## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að ávallt skuli klára ferli umhverfismats, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, sem og breytingar starfsleyfis áður en rekstraraðili breyti starfsemi sinni í ósamræmi við gildandi leyfi.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.06.2021



Hulda Soffía Jónasdóttir

